



Morgunblaðið, 24.09.2022, síðu 34
grein stærð: 70.48 sm2
grein hæð: 7.02 sm

Fyrstu snjóar Kjarvals

Fyrstu snjóar nefnist ný sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarvals sem opnuð verður í dag kl. 10 á Kjarvalsstöðum.

Á sýningunni má sjá lykilverk frá ferli Kjarvals auk verka sem koma sjaldnar fyrir almennings sjónir. Segir í tilkynningu frá safninu að málverk og teikningar frá öllum ferli Kjarvals varpi ljósi á fjölbreytileikann og breiddina í lífsverki listamannsins þar sem náttúran og íslenskt landslag hafi verið helsta viðfangsefni hans.

Verkin á sýningunni eru öll fengin úr safneign Listasafns Reykjavíkur.



Lykilverk Hluti verksins „Fyrstu snjóar“ eftir Kjarval frá árinu 1953.